

- a. ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem taka til þeirrar þjónustu sem veitt er samkvæmt gildandi lögum um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, þó ekki starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins,
- b. breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga,
- c. sérstök lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1996.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Páll Pétursson.

31. desember 1996

Nr. 162

LÖG

**um auknar ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar
fyrir Eyrstrasaltsríkin 1996–1999 og nýs lánaflokks í Norræna
fjárfestingarbankanum til umhverfismála
í grannhéruðum Norðurlandanna.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, að fjárhæð allt að 330.000 ECU, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða í tengslum við norræna fjárfestingaráætlun fyrir Eyrstrasaltsríkin.

2. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, að fjárhæð allt að 1.100.000 ECU, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna lána til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgðir skv. 1. og 2. gr. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að staðfesta breytingar á 6. gr. samþykktu bankans með því að bæta við greinina c-lið um lán til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1996.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Finnur Ingólfsson.